

Reykjavík, 15. júní 2020

R20060132

Aðgengis- og samráðsnefnd fatlaðs fólks

***Aðgengi að kjörstöðum 2020.***

Vísað er til bréfs dags. 12. júní sl. f.h, aðgengis- og samráðsnefndar fatlaðs fólks í Reykjavík varðandi aðgengi að kjörstöðum í Reykjavík. Bréfið er stílað á mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu en gert er ráð fyrir að um misritun sé að ræða og eigi að vera skrifstofa borgarstjórnar.

F.h. yfirkjörstjórna í Reykjavíkurdæmum suður og norður (yfirkjörstjórn Reykjavíkur starfar einungis í sveitarstjórnarkosningum) er þakkað fyrir bréfið og ábendingarnar. Allir kjörstaðir í Reykjavík uppfylla aðgengiskröfur samkvæmt gildandi gátlista og eru ekki gerðar tillögur að nýjum kjörstöðum án þess að gengið sé úr skugga um að aðgengi sé tryggt.

Að lokum er bent á að samkvæmt lögum um framboð og kjör forseta Íslands nr. 36/1945 skal forsetakjör fara fram síðasta laugardag í júnímánuði fjórða hvert ár þ.e. 27. júní 2020. Undirbúningur við val á kjörstöðum hófst í upphafi árs 2020. Borgarstjórn samþykkti tillögu skrifstofu borgarstjórnar að kjörstöðum 21. apríl sl. Uppsetning á kjörstöðum Aðgengis- og samráðsnefnd fatlaðs fólks í Reykjavík er því hvött til þess að koma ábendingum á framfæri við yfirkjörstjórnirnar með hæfilegum fyrirvara fyrir næstu kosningar þ.e. alþingiskosningar 2021.

Nánari upplýsingar veitast góðfúslega.

Virðingarfyllst

Helga Björk Laxdal

skrifstofustjóri borgarstjórnar